



Brekkuskóli 2016

Umbótaáætlun – ytra mat

Inngangur

Haustið 2015 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Brekkuskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í febrúar 2016 en kynntar starfsfólki í byrjun janúar. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta.

Matshópur skólans var skipaður í maí og tók þegar til við að vinna að umbótaáætlun út frá þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni. Í hópnum eiga sæti Garðar Þorsteinsson, kennari, Helgi Þorbjörn Svavarsson, fulltrúi foreldra, Jóhanna María Agnarsdóttir, skólastjóri, Stella Gústafsdóttir, deildarstjóri, Sigríður Magnúsdóttir, deildarstjóri, Arna Heiðmar Guðmundsdóttir, kennari, Kolbrún Friðgeirsdóttir skólaliði, Elín Auður Ólafsdóttir, kennari og Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, kennari. Hópurinn fór skipulega í skýrsluna og rýndi sérstaklega í þær ábendingar sem þar koma fram. Hann lauk vinnu við skýrsluna í byrjun september 2016 og á kennara og starfsmannafundi voru niðurstöður hópsins kynntar og unnið áfram með ákveðna þætti. Umbótaáætlun þessi byggir á þessari vinnu. Nemendaráð skólans mun einnig fá áætlunina til yfirferðar í vetur og verður tekið tillit til þeirra tillagna við endurskoðun á áætluninni.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Einhver atriði eru tvítekin í úttektarskýrslunni þar sem þau koma fram undir mismunandi matsþáttum. Í umbótaáætluninni er sérhver tillaga til úrbóta úr skýrslunni tekin fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni.

Brekkuskóli þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og þróun þess.

Jóhanna María Agnarsdóttir

Skólastjóri

Stjórnun

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stjórnandinn sem leiðtogi	Að fara reglulega í kennslustundir og veita endurgjöf fyrir vel unnin störf	Stjórnendur skrái hjá sér heimsóknir í ákveðna árganga, geri áætlun í byrjun vetrar. Stjórnendur skipta með sér heimsóknum.	Allt skólaárið	Farið yfir í lok hvernar annar hvort búið sé að heimsækja alla bekk.	Stjórnendur
Stjórnun stofnunar	Tryggja að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtal einu sinni á ári	Skipta starfsmönnum niður á stjórnendur	Nóv-feb	Merkja við starfsfólk, metið í júní ár hvert.	Stjórnendur og starfsmenn
	Gæta þess að verktakar o.fl. sem eru við vinnu í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu	Útbúa skjalið og hafa á vísun stað hjá ritara og umsjónarmanni fasteignar.	Desember 2016	Safna gögnum í möppu hjá ritara og fara yfir í lok hvernar annar.	Stjórnendur / ritari/ umsjónarmaður fasteigna

Faglegt samstarf	Tryggja að allt starfsfólk skólans séu virkir aðilar að samstarfi með hagsmuni nemenda að leiðarljósi	Fjölga starfsmannafundum um tvo. Hvetja starfsfólk til að eiga frumkvæði að samstarfi og sækja sér upplýsingar. Halda fundargerðir		Starfsmannafundur á öllum starfsdögum og tveir að auki. Talið í lok skólaárs. Halda yfirlit yfir fundina.	Stjórnendur og starfsfólk.
Faglegt samstarf	Skrá samskipti skólans við grenndarsamfélagið en þau eru mikil og margvísleg	Skrá á heimasíðu skólans undir flípa um skólann	September 2017	Birting á heimasíðu skólans. Starfsfólk kemur uppl til stjórnenda	Stjórnendur og starfsfólk
Skólaþróun	Leggja vinnu í að gera þróunar- og eða umbótaáætlun fyrir skólann og gæta þess að hún sér tilbúin fyrir hvert skólaár.	Að umbótanefnd fundi reglulega og vinni að áætlun.	Haust 2016- vor 2018	Birting á heimasíðu skólans.	Umbótanefnd og stjórnendur.
Skólaþróun	Birta í símenntunaráætlun hvernig einstaklingar sækja símenntun.	Gera grein fyrir þessu í símenntunaráætlun	Janúar 2018	Birta og kynna áætlun.	Stjórnendur
Starfsáætlun og skólanámskrá	Leggja vinnu í að skipuleggja efnistöð í starfsáætlun með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.	Ljúka birtingu efnistaka sem vantar.	Maí 2017	Með birtingu á heimasíðu.	Stjórnendur

Starfsáætlun og skólanámskrá	Gera námsáætlanir aðgengilegar hagsmunaaðilum og birta í skólanámskrá eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir.	Gefa út skólanámskrá.	Janúar 2017	Með birtingu á heimasíðu.	Stjórnendur
Skóladagur nemenda	Skoða hvort megi nýta svigrúm viðmiðunarstundaskrár meira en gert er	Hafa hugfast við stundatöflugerð næsta vetur	Maí - ágúst 2017	Verður ekki mælt að sinni.	Stjórnendur
Verklagsreglur og áætlanir	Einfalda aðgengi hagsmunaaðila að skólareglunum með því að breyta yfirheiti þeirra í "Skólareglur" á heimasíðu.	Gera breytingar á heimasíðu.	Lokið Ágúst 2016	Lokið.	Stjórnendur
Verklagsreglur og áætlanir	Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku.	Vinna áætlun með sérkennurum.	Júní 2017	Texti á heimasíðu.	Sérkennarar/stjórnendur
Verklagsreglur og áætlanir	Gera árlega áætlun um sérkennslu og stuðning og birta á heimasíðu.	Vinna áætlun með sérkennurum.	Júní 2017	Birt á heimasíðu.	Sérkennarar/stjórnendur
Skólaráð, foreldrafélag	Hafa fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu.	Stjórnendur sjá um að birta fundargerðirnar, gæta þarf þess að það gleymist ekki.	Eru birtar	Birt á heimasíðu.	Stjórnendur

Skólaráð, foreldrafélag	Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir og til tveggja ára í senn.	Lýðræðisleg kosning	Er gert	Birt á heimasíðu undir flipa skólaráðs	Skólastjóri
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlu n	Skoða hvers vegna foreldrar nota heimasíðu skólans ekki mikið.	Spyrja í foreldrakönnun.	Júní 2017	Niðurstöður úr könnun.	Stjórnendur
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlu n	Gera námsvísa/kennsluáætlanir aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila og birta á heimasíðu skólans.	Vinna námsvísa stendur yfir.	Janúar 2017	Birt á heimasíðu.	Stjórnendur

Nám og kennsla

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Inntak og árangur	Birta skólanámsskrá í heild sinni á heimasíðu, þ.m.t. námsvísa	Vinna stendur yfir.	Janúar 2017	Með birtingu á heimasíðu.	Stjórnendur
Inntak og árangur	Kynna námsvísa og notkun þeirra fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkt afl í öllu skólastarfi.	Umsjónarkennarar taka málið á dagskrá og kynna fyrir nemendum og foreldrum. Stjórnendur birta upplýsingar á heimasíðu og í fréttabréfi.	Janúar 2017	Með birtingu á heimasíðu.	Umsjónarkennarar, stjórnendur
Skipulag náms og náms-umhverfis	Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámsskrá.	Ljúka vinnu við námsmatskafla í skólanámsskrá.	Desember 2016	Með birtingu skólanámsskrár.	Stjórnendur
Skipulag náms og náms-umhverfis	Huga að því að gefa nemendum á yngsta stigi og miðstigi enn meira val um viðfangsefni og námsaðferðir.	Valtími sem hluti af stundaskrá nemenda	Ágúst 2017	Upplýsingar umsjónarkennurum frá	Stjórnendur og umsjónarkennarar
Skipulag náms og náms-umhverfis	Hafa nemendasamtöl reglulega þar sem umsjónarkennari ræðir	Sett inn á skóladagatal. Stjórnendur gangi úr skugga um að allir	Vor 2016 og um miðja önn	Stjórnendur minna kennara á og ganga eftir þessu.	Umsjónarkennarar, stjórnendur

	við hvern og einn nemanda sinn um nám og líðan.	umsjónarkennarar hafi nemendasamtöl um miðja önn.			
Kennsluhættir og gæði kennslu	Hvetja til enn meiri umræðna og skoðanaskipta sem hluta af námi og kennslu.	Virkja kennara og hvetja til að segja frá á stigsfundum og kennarafundum. Skapa aðstæður á fundum. Bekkjarfundir vikulega og að skapa tækifæri fyrir nemendur til að hafa skoðun á því hvernig námið fer fram.	Vetur 2016-2017	Kennarar segja frá á samráðsfundum og miðla reynslu sinni.	Stjórnendur og kennarar
Kennsluhættir og gæði kennslu	Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.	Byrja kennslustundir á að fara yfir efni og markmið kennslustundarinnar og tengja við markmið í námsvísunum.	Jafnt og þétt allan veturinn	Upplýsingar frá kennurum	Kennarar og stjórnendur
Kennsluhættir og gæði kennslu	Leitast við að allir nemendur fái krefjandi námsefni við hæfi í öllum greinum á öllum stigum.	Kennarar þurfa að gefa sér tíma til að skoða þetta og meta nemendur reglulega í samstarfi við foreldra, nemendur og sérkennara.	Jafnt og þétt allan veturinn	Upplýsingar frá kennurum og foreldrum	Kennarar og stjórnendur
Námshættir og námsvitund	Auka val nemenda um verkefni, m.a. eftir áhugasviði og einnig val þeirra um leiðir í námi.	Með val tímum sem hluta af stundaskrá nemenda og auknu námsvali	Ágúst 2017	Upplýsingar frá kennurum	Kennarar og stjórnendur
Lýðræðisleg vinnubrögð	Birta fundargerðir skólaráðs til þess að	Birta á heimasíðu skólans	Janúar 2017	Með birtingu á heimasíðu	Stjórnendur

	ákvarðanir þess verði sýnilegar öðrum nemendum.				
Lýðræðisleg vinnubrögð	Gera nemendum ljóst hvaða áhrif þeir geta haft á nám sitt og námsaðstæður.	Bekkjargundir vikulega og að skapa tækifæri fyrir nemendur til að hafa skoðun á því hvernig námið fer fram.	Jafnt og þétt allan veturinn	Nemendakönnun 2017-2018	Kennarar, allt starfsfólk skólans.
Ábyrgð og þátttaka	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum varðandi námseiningar í heild sinni.	Kynna námsfrvindumarkmið jafnt og þétt yfir skólaárið , nota hluta af bekkjargundi?	Jafnt og þétt allan veturinn	Kynnt í föstudagspósti til foreldra	Kennarar
Ábyrgð og þátttaka	Huga að því að gefa nemendum meiri tækifæri til þess að taka þátt í að setja sér námsmarkmið.	Að nemendur setji sér markmið og tengi viðmið um árangur við þau. Hægt að nota nýja Mentor. Nemendasamtöl haust, vor	Skólaárið 2017 - 2018	Metið í lok skólaárs 2018	Kennarar
Nám við hæfi allra nemenda	Huga að því á öllum stigum að leitast við að höfða til áhugasviðs og hæfileika nemenda við val á viðfangsefnum.	Útfæra námið í samræmi við þroska og áhuga nemandans. Skoða með val tíma/áhugasviðstíma á stundaskrá	Jafnt og þétt yfir veturinn.	Kanna áhugasvið nemenda og bera saman við kennsluefni. Kanna í nemendasamtölum.	Kennarar
Stuðningur við nám	Skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats og birta hagsmunaaðilum.	Útbúa verklaagsreglur	Vor 2018	Birta á heimasíðu	Læsteymi, kennarar ásamt sérkennurum og stjórnendur.

Innra mat

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Gera þarf langtímaáætlun um innra mat og birta á heimasíðu þar sem kemur fram að allir þættir skólanámskrár eru metnir.	Langtímaáætlun unnin í samstarfi við starfsfólk skólans.	Júní 2018	Með birtingu á heimasíðu.	Skólastjórnendur
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Vinna þarf matsáætlun fyrir líðandi skólaár og birta á heimasíðu.	Í vinnslu	Júní 2018	Með birtingu á heimasíðu.	Skólastjórnendur og umbótanefnd
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Skipa þarf matshóp sem skipaður er fulltrúum hagsmunaaðila skólans og birta á heimasíðu.	Kosið er í matshóp með lýðræðislegri kosningu. Matshópur fundar svo reglulega.	Lokið	Með birtingu á heimasíðu.	Skólastjórnendur
Innra mat er samstarfsmiðað	Gera árlega skýrslu/greinagerð	Greinagerðir og áætlanir unnar	Í lok hvers skólaárs.	Niðurstöður verði kynntar í skólaráði og á	Skólastjórnendur og umbótanefnd

og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	um helstu leiðir í innra mati og niðurstöðu þess.			starfsmannafundi í Brekkuskóla. Einnig birtar á heimasíðu skólans fyrir aðra hagsmunaaðila.	
Innra mat er umbótamiðað	Birta þarf greinagerðir og áætlanir um innra mat á heimasíðu og kynna formlega öllum hagsmunaaðilum.	Greinagerðir og áætlanir unnar	Júní 2017	Niðurstöður verði kynntar í skólaráði og á starfsmannafundi í Brekkuskóla. Einnig birtar á heimasíðu skólans fyrir aðra hagsmunaaðila.	Skólastjórnendur
Innra mat er umbótamiðað	Gera þarf umbótaáætlun með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og tímasetningum um það hvenær meta á umbætur, byggja á niðurstöðum úr innra mati.	Í vinnslu.	September 2016	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og birtar á heimasíðu.	Skólastjórnendur og umbótanefnd

Skólabragur

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stefna og viðhorf	Að umsjónarkennari hafi regluleg samtöl við alla sína nemendur þar sem m.a. er rætt um námsframvindu og líðan.	Setja inn á skóladagatal fastan tíma þar sem viðtölin fara fram.	Sett inn á skóladagatal 2016/2017	Birt á skóladagatali og það samþykkt	Stjórnendur og umsjónarkennarar
Verklagsreglur og áætlanir	Huga að því að allir hagsmunaaðilar eigi hlutdeild í endurskoðun skólareglna.	Nýta kynningarfundir að hausti, ásamt 1,3,5,8, Skólaping, morgunmóttökur	Unnið í upphafi og lok hvers skólaárs.	Helstu punktar skráðir í skjal og yfirfarið í lok annar.	Umsjónarkennarar og stjórnendur
Verklagsreglur og áætlanir	Að kynna og ræða skólareglur reglulega með starfsfólki, nemendum og foreldrum.	Starfsdagar að vori/hausti. Vinna með skólareglur um leið og bekkjarsáttmáli er gerður í hverjum bekk. Kynningafundir að hausti.	Sept 2016	Bekkjarsáttmálar athugaðir í nóvember	Stjórnendur og umsjónarkennarar í hverjum bekk.